

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 148/2022

frá 29. apríl 2022

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2268 frá 6. september 2021 um breytingu á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/653 að því er varðar undirstöður aðferðafræði og framsetningu á árangurssviðsmyndum, framsetningu á kostnaði og aðferðafræði fyrir útreikning á samanteknum kostnaðarvísum, framsetningu og innihald upplýsinga um fyrri frammistöðu og framsetningu á kostnaði pakkaðrar og váttryggingatengdrar fjárfestingarafurðar fyrir almenna fjárfesta (PRIIP) sem bjóða marga valkosti til fjárfestingar og aðlögun á umbreytingarfyrirkomulagi fyrir framleiðendur pakkaðra og váttryggingatengdra fjárfestingarafurða fyrir almenna fjárfesta sem bjóða hlutdeildarskírteini í sjóðum eins og um getur í 32. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014, sem undirliggjandi fjárfestingarmöguleika, að framlengdu umbreytingarfyrirkomulaginu sem mælt er fyrir um í þeirri grein ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31bgb (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/653) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32021 R 2268:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2268 frá 6. september 2021 (Stjtið. ESB L 455I, 20.12.2021, bls. 1).“

2. gr.

Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2268, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 455I, 20.12.2021, bls. 1.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. sammingsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2020 frá 30. apríl 2020 ⁽²⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.
(2) Verður birt.